

**Reikningur****151**

*styrktarsjóðs Christians konungs hins níunda í minningu  
1000 ára hátíðar Íslands um árið frá 1. septbr. 1877 til 31.  
ágúst 1878.*

## Tekjur.

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári (Stjórnartíðindi 1877 B. 138):	Kr.	A.
a, innritunarskírteini litr. C. fol. 3609 að upphæð . . . . .	8400 kr.	» a.
b, í sparissjóði og í peningum . . . . .	153 — 21 -	8553 21
2. Vextir til 11. júní 1878 . . . . .		340 84
		<u>8894 05</u>

## Gjöld.

1. Heiðursgjafir veittar:	Kr.	A.
a, Þórði Þorsteinssyni á Leirá . . . . .	160 kr.	
b, Þorvaldi Bjarnarsyni í Núpakoti . . . . .	160 —	320 »
2. Eptirstöðvar við lok reikningsársins:		
a, innritunarskírteini litr. C. fol. 3609 . . . . .	8400 kr.	» a.
b, í sparissjóði og í peningum . . . . .	174 — 5 -	8574 05
		<u>8894 05</u>

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 2. septbr. 1878.

**Hilmar Finsen.**Jón Jónsson.**Stjórnarbrjef og auglýsingar.**

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skipti á kirkjujörð.* **152**  
— Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar herra landshöfðingi frá 1. f. <sup>24. septbr</sup>  
mán. og allraþegnsamlegast lagt það málefni undir konung, hefir það hinn 18. þ. mán.  
allramildilegast verið leyft, að jörðin Fossar í Skutulsfirði, sem liggur undir Eyrarkirkju  
í Ísafjarðarsýslu og vesturumdæmi Íslands megi afhendast óðalsbónda, hreppstjóra Jóni  
Halldórssyni gegn því, að hann selji aptur nefndu prestakalli 7,36 hndr. úr eignarjörð  
sinni Tungu í sömu sókn.

Þetta læt jeg ekki undanfalla þjónustusamlega að tjá yður herra landshöfðingi  
til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstöfunar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nýja barnalær-* **153**  
*dómsbók.* — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 23. júlí þessa árs hafði þjer  
herra landshöfðingi eptir undirlagi biskupsins yfir Íslandi lagt það til, að kristi-  
leg barnalærdómsbók sú, eptir prestaskólakennara H. Hálfðánarson, sem hjer með  
endursendist, megi verða löggilt til undirbúnings undir fermingu handa unglungum á  
Íslandi jafnhliða Balslevs og Balles lærdómsbókum.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frek-  
ari birtingar, að ráðgjafinn hefir að sínu leyti ekkert á móti því, að nefnd lærdómsbók  
með lagfæringum þeim og viðaukum, sem í henni eru gjörðar, verði notuð á Íslandi við  
undirbúning barna undir fermingu.